



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

20. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánuudaginn 12. janúar, kl. 14:30 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Alexandra Rós Jóhannesdótti, Elvar Harðarson, auk fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Vilborgar Ástráðsdóttur en Sigríður Björk Gylfadóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Leikskólans Undralands, Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands og Erla Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla. Einnig sat fundinn í fjarfundabúnaði Hjalti Sigurðsson, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða. Hér var gengið til dagskrár:

Málefni Flúðaskóla

1. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla.

Jóhanna Lilja Arnarsdóttir kynnti starf Flúðaskóla undanfarnar vikur með eftirfarandi hætti:

Tveir nemendur hafa flutt nú um áramót og eru því hættir (3. og 5. bekk), einn nýr nemandi kominn í 2. bekk.

Á starfsdegi, þann 5. nóvember fengum við til okkar Önnu Maríu K. Þorkelsdóttur með ráðgjöf varðandi bráðger börn.

Skólanefnd stóð fyrir skólaþingi þann 10. nóvember þar sem farið var yfir skólastefnu Hrunamannahrepps. Fyrir um daginn kom Ingvar Sigurgeirsson hingað í skólann til okkar og starfsmenn fóru yfir stefnuna.

12. nóvember fengum við heimsókn frá hollenskum skólastjórum til að skoða skólann okkar. Þetta er orðin árleg heimsókn og mjög gaman að fá að kynna fyrir þeim skólastarfið.

Okkar árlega hátíð vegna Dags íslenskrar tungu og Halldórssmótsins í skák var haldin 14. nóvember. Í ár voru tekin fyrir verk Halldórs Kiljan Laxness.

Háskólalestin heimsótti Uppsveitir og Flóa í nóvember. Boðið var upp á smiðjur bæði fyrir kennara og nemendur. Nálægt hundrað kennarar sóttu kennarasmíðjur og tæplega 150 nemendur í 8.–10. bekk í Uppsveitum og Flóa sóttu námskeið frá þeim. Nokkur hundruð manns á öllum aldri víða af Suðurlandi heimsóttu Opið vísindahús í Félagsheimilinu í Borg í Grímsnesi. Mikil ánægja var hjá öllum varðandi þessa heimsókn.

Árshátíð 1. – 6. bekkjar var haldin 27. nóvember. Nemendur fluttu leikrit á sviði og gerðu það með miklum sóma.

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom right of the page, including "KP", "JLA", "737", "ARJ", "VBG", and "AT".

3. desember kom Þorgrímur Þráinsson til okkar og hitti bæði miðstig og unglingastig með fyrirlesturinn sinn „Verum ástfangin af lífinu“.

5. desember fengum við heimsókn og fræðslu, fyrir 9. og 10. bekk, frá Alþingi unga fólksins.

Við tókum upp þá nýbreytni á aðventunni að hittast öll í Kvíadal á hverjum morgni, syngja saman jólalag og opna jóladagatal, sem innihélt ýmsa leiki og þrautir. Þetta voru mjög skemmtilegar stundir og höfum við ákveðið að hittast reglulega nú eftir áramót og taka saman lagið.

18. desember fengu 1. – 5. bekkur skemmtilega jólagleðisýningu sem foreldrafélagið bauð uppá.

Litlu jólin voru haldin hjá okkur 19. desember þar sem við áttum öll saman ljúfa stund í Félagsheimilinu eftir að umsjónarkennarar voru búnir að vera með sínum nemendum í stofujólum.

Á þrettándanum, þann 6. janúar fóru allir saman í vasaljósagöngu í upphafi skóladags ásamt elsta hópnum í leikskólanum.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

2. Skólanámskrá Flúðaskóla.

Skólanámskrá Flúðaskóla lögð fram en í henni er farið ítarlega yfir alla þætti er lúta að skólastarfinu. Samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber skólanefnd að fjalla um og samþykkja skólanámskrá árlega.

Skólanefnd þakkar ítarlega og vel unna skólanámskrá og samþykkir hana samhljóða.

Hér viku Vilborg og Ragnheiður Ósk af fundi.

3. Skýrsla skólastjóra Leikskólans Undralands.

Leikskólastjóri, Jóna Björg Jónsdóttir, kynnti starfið undanfarnar vikur með eftirfarandi hætti:

Starfið í leikskólanum hefur gengið afar vel í vetur. Við erum einstaklega heppin með öflugt og samheldið starfsfólk sem leggur sig fram af alúð og metnaði á hverjum degi til að skapa hlýtt, öruggt og hvetjandi umhverfi fyrir börnin.

Grænhóll (yngsta deildin) flytti yfir í gamla ráðhúsið um áramótin. Börnin mættu þangað fyrsta daginn eftir jólafrí og gekk. Það eru átta börn sem fóru yfir og von er á 2 börnum í aðlögun mánudaginn 12. jan. Við ætlum að kalla deildina áfram Grænhól og þá húsið líka á meðan við erum þar.

Við þetta myndast meira pláss í leikskólahúsinu sjálfu og við getum tekið inn fleiri börn en áður og þangað koma þrjú ný börn í aðlögun mánudaginn 12. jan. Við flutning Grænhóls fáum við meira rými bæði fyrir starfsmannaaðstöðu og leikrými fyrir börnin. Þessi lausn er hugsuð tímabundið eða í mesta lagi 3 ár, á meðan verið er að hanna/teikna og byggja viðbyggingu við leikskólann.

Ný heimasíða er komin í loftið, því Karellen kerfið sem við vorum með heimasíðuna hjá er að hætta, verið að leggja það kerfi niður. Í staðinn fyrir Karellen kerfið fáum við kerfi sem heitir Vala og er svipað og Karellen. Vala býður ekki uppá heimasíðu samhliða leikskólakerfinu. Við byrjum á innleiðingu á Völu í janúar og ekki er komin nákvæm tímasetning hvenær við skiptum yfir.

Helstu viðburðir/uppbot: Starfsfólk tók á móti Ingvari Sigurgeirssyni 7. nóvember og svöruðu spurningum hans sem var hluti af skólapingi sveitarfélagsins. Sama dag var haldin lokahátíð v. þróunarverkefnisins „Snemmtæk íhlutun“ í Vinstofunni í Reykholti þar sem komu saman starfsfólk allra leikskóla í uppsveitum og Flóa.

KP J2A VBG Elna J Elna J ARJ

Börn í Undralandi tóku þátt í vináttuhlaupi Blæs. Völuhóli (elstu deildinni) var boðið á árshátíðasýningu Flúðaskóla 27. nóvember sl. Mikil gleði er yfir því að geta farið á bókasafnið þar sem tekið er einstaklega vel á móti börnunum.

Margt var gert í tilefni komu jólanna og þar má nefna að Sr. Óskar kom og söng með börnunum, Grýla með tvo jólasveina kíktu á glugga, foreldrafélagið bauð börnunum uppá jólasýninguna „Skjóðu“ jólasveinastelpu, Skógarjólástund var með grilli og gleði. Jólamaturlag og jólaball var 18. desember, auk daglegs jólaföndurs, söngs og gleði.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

4. **Handbók Undralands um snemmtæka iðlutun í máli og læsi.**

Lögð fram handbók Leikskólans Undralands um málörvun og læsi í leiksólanum en leikskólinn hefur verið þátttakandi í verkefninu í samvinnu við aðra leikskóla í Uppsveitum Árnessýslu og Flóa frá árinu 2024. Markmiðið með þátttökunni var að skapa þekkingu innan leikskólans, samræma verkferla og útbúa handbók sem auka myndi skilning og þekkingu starfsmanna á málörvun barna. Ekki síst er svo markmiðið með þátttökunni að öll börn leikskólans fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varða mál, tal, boðskipti og undirbúning fyrir lestrarnám. Einnig kom fram að handbókin er mjög ítarleg og mun hún verða höfð til hliðsjónar við gerð skólanámskrár.

Skólanefnd þakkar þá góðu vinnu sem hér hefur farið fram og efast ekki um að góður árangur verði af þessu starfi til framtíðar lítið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:06.

Ela Jóhannsdóttir

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Einar Hardarson

Jóhanna Lilja Arnardóttir

Valur Guðmundsd.

Jóna Björg Jónsd.

Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir

Katrín Þorvaldsdóttir

Alvís Halldórsdóttir

Ela J
ARS